



Í ÞESSU TÖLUBLAÐI ...

<b>ORÐSENDING FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRANUM .....</b>	<b>2</b>
<b>FRÉTTIR FRÁ EVRÓPUMIÐSTÖÐINNI FYRIR ÞRÓUN Í SÉRKENNSLU .....</b>	<b>3</b>
<b>1. NÝTT VEFSVÆÐI EVRÓPUMIÐSTÖÐVARINNAR .....</b>	<b>3</b>
<b>2. LEIÐARVÍSIR UM AÐGENGI AÐ ÆÐRI MENNTUN .....</b>	<b>3</b>
<b>3. NÁMSMAT Í SKÓLUM ÁN AÐGREININGAR.....</b>	<b>4</b>
<b>FRÉTTIR FRÁ AÐILDARLÖNDUM EVRÓPUMIÐSTÖÐVARINNAR.....</b>	<b>6</b>
<b>4. DANMÖRK – SAMEIGINLEGT ÁTAK: HVATNING TIL AÐ KOMA AÐ NÁMI ÁN AÐGREININGAR .....</b>	<b>6</b>
<b>5. GRIKKLAND – NÝLEGAR ENDURBÆTUR INNAN GRÍSKA MENNTAKERFISINS....</b>	<b>6</b>
<b>6. SPÁNN – „TOTS MÚSICS, TOTS DIFERENTS“ (ALLIR ERU TÓNLISTARMENN, ALLIR ERU ÓLÍKIR).....</b>	<b>7</b>
<b>7. FRAKKLAND – TVÖ NÝ RANNSÓKNAR- OG NÁMSVERKEFNI.....</b>	<b>8</b>
<b>8. PORTÚGAL – RITSTJÓRNARSTEFNA SEM EFLIR LESTRAKUNNÁTTU .....</b>	<b>9</b>
<b>9. ÍSLAND – HÁSKÓLANÁM FYRIR NEMENDUR MEÐ ÞROSKAHÖMLUN .....</b>	<b>9</b>
<b>10. SVÍÐJÓÐ – DAGLEGT SKÓLALÍF NEMENDA MEÐ LÍKAMLEGA FÖTLUN: ÞJÓÐFRÆÐILEG RANNSÓKN .....</b>	<b>10</b>
<b>11. LÚXEMBOURG – NÝI „GRUNNSKÓLINN“ .....</b>	<b>11</b>
<b>12. BELGÍA (FLÆMSKUMÆLANDI HLUTI) – TILLAGA UM NÝTT FYRIRKOMULAG Á NÁMSSTUÐNINGI.....</b>	<b>11</b>
<b>13. ÞÝSKALAND – FULLGILDING SÁTTMÁLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI FATLAÐRA .....</b>	<b>12</b>
<b>14. BRETLAND (ENGLAND) – ÁVINNINGUR FYRIR ALLA: BETRI ÁRANGUR MEÐAL FATLAÐRA BARNA OG UNGLINGA MEÐ SÉRKENNSLUÞARFIR.....</b>	<b>13</b>
<b>FRAMLEIÐSLA .....</b>	<b>14</b>



## ORÐSENDING FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRANUM

Kæru lesendur,

Í þessu tölublaði EuroNews er að finna ýmsar athyglisverðar fréttir frá aðildarlöndum okkar ásamt nýjustu tíðindum frá Evrópumíðstöðinni.

Það er von mín að þið hafið af því gagn og gaman!

Ef þið viljið leita nánari upplýsinga skuluð þið að heimsækja nýja vefsvæðið okkar þar sem hægt er að nálgast nýjustu gögn aðildarlandanna, fá upplýsingar um nýjar lagasetningar og stefnumál í Evrópu, og kynna sér niðurstöður rannsókna sem við stýrum fyrir hönd aðildarlandanna sem nú eru orðin 27 talsins.

Sem stendur er svo margt á döfinni að ég mun aðeins geta hér um helstu atriðin:

Verið var að leggja lokahönd á stóra rannsókn á einu mikilvægasta verkefninu sem við í Evrópu stöndum frammi fyrir, þ.e. hvernig takast skuli á við „fjölmenningsarsamfélag og sérkennslu“. Jafnframt eru tvö önnur verkefni á lokastigi – í öðru er kannað hvaða framfarir hafa átt sér stað á sviði „skjótra afskipta“ og í hinu er fjallað um hvernig þróa skal „vísbenda á sviði náms án aðgreiningar“ á Evrópuvísu. Verið er að ganga frá niðurstöðum þessara verkefna og í næsta tölublaði EuroNews verður nánar sagt frá þeim.

Á árinu hófst vinna við tvö ný forgangsverkefni hjá aðildarlöndum okkar. Annað þeirra fjallar um „kennaramenntun með tilliti til náms án aðgreiningar“ og að vinnslu þess koma fulltrúar frá framkvæmdastjórn ESB og menntamálaáskrifstofu UNESCO. Hitt verkefnið, sem unnið er að með þátttöku Cedefop og OECD, fjallar um „starfsnám og starfsþjálfun“.

Á árinu 2010 munum við í samstarfi við aðalskrifstofu UNESCO um menntun fyrir alla, vinna að gerð gagnagrunns þar sem kynnt verða dæmi um nýja starfshætti og stefnu á sviði náms án aðgreiningar. Með þessum dæmum verður varpað ljósi á þær stefnumótandi aðgerðir sem mælt er með í UNESCO-skýrslunni „Policy Guidelines on Inclusion in Education“.

Annar stórvíðburður á næsta ári er alþjóðleg ráðstefna sem Evrópumíðstöðin og menntamálaráðuneytið á Spáni standa fyrir í mars, undir forsæti Spánverja í ESB. Þar verður tekinn til umfjöllunar sá árangur sem náðst hefur á sviði náms án aðgreiningar, með tilliti til Lissabon-markmiðanna sem sett voru fyrir árið 2010. Jafnframt er ætlunin að deila reynslu á þessu sviði með löndum Suður-Ameríku.

Við vonum að ykkur finnist þetta tölublað áhugavert. Skoðanir ykkar og athugasemdir eru ávallt vel þegnar. Aftast í blaðinu eru upplýsingar um hvernig hægt er að hafa samband við okkur.

Góða skemmtun!

**Cor Meijer**

**framkvæmdastjóri**

### 1. NÝTT VEFSVÆÐI EVRÓPUMIÐSTÖÐVARINNAR

**Á síðastliðnu ári var unnið að því að hanna nýtt vefsvæði fyrir Evrópumiðstöðina og var það opnað vorið 2009.**

Þetta var gert í samvinnu við Institute for Learning and Research Technology (ILRT) við Bristol University í Bretlandi, <http://www.ilrt.bris.ac.uk/>. Gerð var notendakönnun á netinu og upplýsingum safnað með aðstoð fulltrúa aðildarlandanna. Tekið var tillit til niðurstaðna allra athugasemda við hönnun og gerð nýja vefsvæðisins.

Samkvæmt tillögum frá notendum hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar:

- Fréttasíðan hefur verið stækkuð og inniheldur núna EuroNews, fréttatilkynningar og rafræna fréttabréfið okkar (Electronic Bulletin). Nýjustu pistlarnir á fréttasíðunni eru einnig birtir á heimasíðunni, og þar geta notendur skráð sig og fengið sendar tilkynningar um nýjar fréttar;
- Nú má einnig nálgast allar upplýsingar um aðildarlöndin beint frá heimasíðunni eða um gagnvirkir landakort;
- Á landssíðunum er listi yfir allt efni sem þýtt hefur verið á viðkomandi tungumál, ásamt viðeigandi tenglum;
- Á vefsvæðinu er nú einnig leitaraðgerð sem gerir notendum kleift að finna upplýsingar á fljótlegan hátt;
- Aðgengileiki vefsvæðisins hefur einnig verið aukinn í samræmi við tilmæli W3C (staðlaráðs Netsins).

Okkur er ánægja að bjóða lesendum að kynna sér nýja vefsvæðið: [www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

### 2. LEIÐARVÍSIR UM AÐGENGI AÐ ÆÐRI MENNTUN

<http://www.european-agency.org/agency-projects/HEAG>

Vefsvæðið Higher Education Accessibility Guide (HEAG) er frábær leiðarvísir um stuðningsþjónustu fyrir fatlaða í æðri menntastofnunum í Evrópu.

Þar er að finna ýmiss konar upplýsingar fyrir fatlaða námsmenn sem hafa áhuga á að stunda nám erlendis. Ætlunin er að þessar upplýsingar nýtist námsmönnum og sérfræðingum við ákvarðanatöku um nám og nemendaskipti.

Sérfræðingar frá 26 aðildarlöndum, sem og Króatíu og Slóvakíu, hafa unnið að því að safna hnitmiðuðum upplýsingum sem hægt er að nálgast á eftirfarandi hátt:

- Á landssíðunum, þar sem veittar eru upplýsingar um nám á háskólastigi í viðkomandi landi;
- Í HEAG-gagnagrunninum sem gerir notendum kleift að leita að sértækri þjónustu og stuðningi við námsmenn á háskólastigi í hverju landi fyrir sig.

Á landssíðunum er hægt að nálgast upplýsingar um aðstoð við fatlaða námsmenn, viðhorf viðkomandi þjóðar til háskólanáms og fötlunar, sem og persónuupplýsingar lykilaðila – m.a. sérfræðinga HEAG – í því landi sem valið er.



Enn fremur er hægt að leita að tilteknum stofnunum og möguleikum á stuðningsþjónustu við fatlaða með því að nota beinan tengil að viðkomandi gagnagrunni. Allar upplýsingar eru tiltækar á ensku og tungumáli þess lands sem leitað er í.

Upplýsingarnar í gagnagrunninum verða uppfærðar á tveggja ára fresti.

Nánari upplýsingar veitir: [amanda@european-agency.org](mailto:amanda@european-agency.org)

### 3. NÁMSMAT Í SKÓLUM ÁN AÐGREININGAR

**Rúmlega 150 þátttakendur frá 27 löndum sátu ráðstefnuna „Námsmat í skólum án aðgreiningar“ sem fram fór í Limassol á Kýpur dagana 23. og 24. október 2008, en það var mennta- og menningarmálaráðuneytið á Kýpur og Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkenndu sem önnuðust undirbúning hennar. Ráðstefnan setti endapunkturinn á þriggja ára rannsókn á námsmati sem stuðlar að námi án aðgreiningar í almennum skólum, þ.e. stefnu og starfsháttum þar að lútandi.**

Hafist var handa við verkefnið „Námsmat í skólum án aðgreiningar“ árið 2004, þegar „námsmat“ var skilgreint sem viðfangsefni á sviði náms án aðgreiningar á stjórnarfundum hjá Evrópumíðstöðinni. Verkefninu var skipt í tvo áfanga: Áfanga 1 (2005–2006) og áfanga 2 (2006–2008). Aðilar frá 23 löndum tóku þátt í fyrri áfanganum og þar var rannsóknarefnið nám á grunnskólastigi. Í seinni áfanga verkefnisins tóku 26 lönd þátt í starfinu og þá var einnig námsmat á framhaldsskólastigi tekið til athugunar.

Í fyrri áfanganum leituðust þátttakendur við að greina merkingu hugtaksins „námsmat fyrir alla“ (inclusive assessment), og eftir vandlega athugun á stefnumótandi úttektum og umræðum um hvernig staðið væri að málum víðast hvar komust þeir að samkomulagi um eftirfarandi skilgreiningu:

*Námsmat í almennum skólum þar sem stefna og starf miðar að því að efla menntun allra nemenda eins og kostur er. Aðalmarkmiðið með námsmati fyrir alla er að allar stefnur og aðferðir sem beitt er skuli stuðla að aukinni þátttöku og aðlögun allra nemenda sem eiga á hættu að vera aðgreindir frá öðrum, einnig þeirra sem eru með sérþarfir.*

Í seinni áfanganum var farið í heimsóknir á fimm menntastofnanir þar sem námsmat fór fram með nýstárlegum hætti: Reutte District Resource Centre í Tíról í Austurríki; Peder Lykke-skólann í samstarfi við uppeldis- og sálfræðiráðgjafastofnunina (PPR) í Kaupmannahöfn; skóla í Montluçon-héraði í Frakklandi; State Outreach Centre for Visually Impaired í LFS-Slésvík í Þýskalandi, og Cavendish-skólann í Runcorn í Bretlandi og samstarfsaðila þeirra í almennum skólum. Farið var tvisvar í heimsókn á hvern stað og fengu sérfræðingarnir tækifæri til að skoða aðstæður í þessum skólum og afla sér upplýsinga um hvernig námsmat færi þar fram.

Ein meginniðurstaða verkefnisins var sú að líta skuli á námsmat fyrir alla sem stöðugt ferli sem kennarar, foreldrar og nemendurnir taka sjálfir þátt í en ekki bara ferli sem utanaðkomandi sérfræðingar annast. Bæði aðkoma, aðferðir og tæki, sem og viðhorf viðkomandi aðila, ættu að beinast að því að námsmat fyrir alla sé grundvallaratriði í náms- og kennsluferlinu.

Önnur mikilvæg niðurstaða úr verkefninu tengist hugtakinu „leiðsagnarmat“ og hvernig beita má slíku mati gagnvart nemendum með sérkennsluþarfir. Ljóst var að leiðsagnarmat var byggt á sömu grundvallarreglunum, hvort sem nemendur væru með sérþarfir eða ekki, og að eini munurinn væri fólgin í því hvers konar tæki og mats- og samskiptaaðferðir kennarar notuðu.



Almenn niðurstaða verkefnisins var sú að námsmat sé mikilvægur liður í þróun náms án aðgreiningar og að stefnumótandi aðilar og fagfólk þurfi að taka mið af því í stefnu sinni og starfi.

Upplýsingar um meginniðurstöður verkefnisins er að finna hjá Evrópumíðstöðinni, í ýmsu efni sem þar hefur verið birt, m.a. í skýrslunni *Námsmat í skólum án aðgreiningar – Lykilatriði í stefnumótun og starfi*, þar sem meginniðurstöður fyrri áfanga verkefnisins eru kynntar. Skýrslan er unnin út frá upplýsingum frá 23 Evrópulöndum um stefnu og starf á sviði námsmats og henni fylgir lítill yfirlitsbæklingur.

Auk þess eru ýmsar stuttar umfjallanir á vefsvæði Evrópumíðstöðvarinnar sem hægt er að hlaða niður:

*Námsmati fyrir alla komið í framkvæmd* – hér er vitnað í stefnumótandi aðila og fagfólk sem fjallar um reynslu sína og starf, og tekin saman nokkur lykilatriði sem lýsa því hvernig koma megi á námsmati fyrir alla.

*Leiðsagnarmat og nemendur með sérþarfir* – hér er hugtakið leiðsagnarmat tekið til umfjöllunar og hvernig hægt sé að beita slíku mati meðal nemenda með sérþarfir.

*Grunnviðmið varðandi námsmat fyrir alla* – hér er gerð grein fyrir grunnviðmiðum og þeim forsendum sem nota má til leiðbeiningar um aðferðir og hvernig framfylgja skuli stefnu og vinna að þróun námsmats fyrir alla.

*Kýpur-tillögurnar um námsmat fyrir alla* – innihalda niðurstöður umræðna og sameiginlegar ályktanir þeirra fulltrúa sem tóku þátt í ráðstefnu Evrópumíðstöðvarinnar sem haldin var í Limassol í október 2008. Þar er sameiginlegum tillögum þeirra um að þróa skuli matsferli sem stuðlar að námi án aðgreiningar beint til stefnumótandi aðila í Evrópu. Menntamálaráðherra Kýpur lét senda *Kýpur-tillögurnar* til allra samstarfsráðherra sinna í Evrópu.

Á slóðinni (<http://www.european-agency.org/agency-projects/assessment-in-inclusive-settings>) er gerð grein fyrir öllu því efni sem þriggja ára vinna við verkefnið skilaði. Þar eru meðal annars upplýsingar um sérfræðingana sem unnu að verkefninu og samantekt á efni úr bæði fyrri og síðari áfanga þess. Auk þess efnis sem þegar hefur verið getið um skal einnig nefna:

- *Svæðisskýrslur í fullri lengd* með skráum yfir tiltekin lykilhugtök sem notuð voru í verkefninu;
- *Tillögugrunn*, sem er tæki sem gerir lesendum kleift að finna millivísanir milli tillagna sem koma bæði fram í yfirlitsskýrslu fyrri áfangans og svæðisskýrslunum;
- *Yfirlit yfir fræðirit frá löndum utan Evrópu*;
- *Upplýsingabanka*, sem hýsir úrræði frá 25 löndum, sem tekin voru saman í seinni áfanga verkefnisins.

Nánari upplýsingar eru veittar á slóðinni: [www.european-agency.org/agency-projects/assessment-in-inclusive-settings](http://www.european-agency.org/agency-projects/assessment-in-inclusive-settings). Einnig má senda tölvupóst til [secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

### 4. DANMÖRK – SAMEIGINLEGT ÁTAK: HVATNING TIL AÐ KOMA AÐ NÁMI ÁN AÐGREININGAR

**Starfsfólk Peder Lykke-skólans hefur ásamt Evrópumiðstöðinni fyrir þróun í sérkennslu og í samvinnu við uppeldis- og sálfræðiráðgjafastofnunina (PPR) í Kaupmannahöfn leitað nýrra leiða til að fá foreldra til að taka virkari þátt í skólastarfinu með hinu svokallaða átaksverkefni.**

Tveir sérfræðinganna á stofnuninni sem unnu að þessu samstarfsverkefni – Kirsten Hansen, þróunarráðgjafi, og Jette Lentz, forstöðukona sálfræðipjónustunnar – lýsa verkefninu á eftirfarandi hátt:

„Við styðjum þá stjórnálmenn sem vinna að þróun og skipulagningu náms án aðgreiningar innan sérkennsluviðs, í þeirri deild sem fer með málefni barna og unglinga í Kaupmannahöfn. Aðferðirnar sem beitt er í átaksverkefninu hafa ekki einungis verið kynntar í okkar eigin hverfi (miðborginni), heldur einnig í skólum víðar um borgina. Auk þess beita nú sálfræðingarnir sem vinna hjá uppeldis- og sálfræðiráðgjafastofnuninni (PPR) í okkar hverfi heildstæðari aðferðum í störfum sínum.

Borgarstjórn Kaupmannahafnar hefur ákveðið að hefja endurbætur á sérkennslukerfinu og tryggja að börn með sérþarfir séu tekin inn í almenna grunnskóla. Þessi endurskipulagning hefur verið kynnt samhliða átaksverkefninu til að við gætum haft áhrif og komið vitneskju okkar á framfæri meðal ýmissa aðila sem fara með málefni barna og unglinga.

Í september 2008 héldum við ráðstefnu í Ráðhúsi Kaupmannahafnar. Fulltrúar frá Evrópumiðstöðinni sem unnu að verkefninu „Námsmat í skólum án aðgreiningar“ og ýmsir danskir rannsóknaraðilar kynntu skoðanir sínar og viðhorf fyrir fjölda sérfræðinga og ráðamanna sem starfa hjá borginni. Við höfum einnig gert DVD-disk um verkefnið [sjá upplýsingar hér fyrir neðan ef nánari upplýsinga er óskað].

Síðan hefur atburðarásin verið hröð. Af hinum átta borgarhverfum Kaupmannahafnar hefur miðborgin verið valin sem brautryðjandahverfi í þessum endurbótum. Starfsemi okkar þar getur orðið öðrum hverfum borgarinnar fyrirmynd.

Við vorum valin vegna þátttöku okkar í verkefni Evrópumiðstöðvarinnar, en það tók meðal annars til könnunar á þróun námsmats innan Evrópu. Verkefnið gaf okkur gott tækifæri til að miðla alþjóðlegum upplýsingum og hafa áhrif á pólitíska stefnu og aðferðir á sviði náms án aðgreiningar í Kaupmannahöfn.“

*Nánari upplýsingar veitir: Kirsten Hansen, þróunarráðgjafi, tölvupóstfang: Kirsha@Buf.Kk.Dk, eða Jette Lentz, forstöðukona hjá Sálfræðipjónustu barna- og unglinga, tölvupóstfang: Jette.Lentz@Buf.Kk.Dk*

### 5. GRIKKLAND – NÝLEGAR ENDURBÆTUR INNAN GRÍSKA MENNTAKERFISINS

**Grísk stjórnvöld hafa samþykkt ný skipulagsmarkmið með áherslu á menntun á háskólastigi. Stjórnvöldum tókst að hrinda í framkvæmd ákvörðunum sem lögleiddar höfðu verið á árunum 2004 til 2007, og miðuðu að því að taka skyldi upp evrópska menntastaðla og viðmiðanir.**

Markmiðið er að endurskoða lagarammann hvað varðar eftirfarandi atriði: a) skipulag menntastofnana, b) nýja stofnun sem leggur mat á prófgráður (L 3328/2005), c)



gæðatryggingu náms á háskólastigi (HE), d) símenntun og sameiginlegar áætlanir fyrir framhaldsnám á háskólastigi (L 3369 & 3404/2005), e) stofnun gríska alþjóðaháskólans (L3391/2005) og aðrar lagasetningar sem varða upplýsingatækni í kennslu, starfsnám, jafnrétti karla og kvenna, inntökuskilyrði í nám á háskólastigi og forsendur/viðmið. Bent skal sérstaklega á tvö atriði:

**1. Umbætur í rekstri skóla án aðgreiningar** – allir nemendur fylgja almenna menntakerfinu þar sem tekið er tillit til sérkennsluþarfa; t.d. þvermenningarlegs nám fyrir nemendur sem tilheyra þjóðernislegum minnihlutahópum og sérkennslu fyrir nemendur sem eru með sérþarfir í námi. Þó hafa verið settir á stofn skólar fyrir múslímska minnihlutahópa.

**2. Umbætur á kennaramenntun** – á árunum 2005 til 2007 stóð Kennaraháskólinn fyrir sérstöku námskeiði í kennaranáminu. Nám á sviði sérkennslu var skipulagt innan ramma hins almenna kennaranáms. Í lögum um sérkennslu segir: „*Kennarar sem kenna í sérskólum og skólum án aðgreiningar skulu afla sér endurmenntunar á viðkomandi endurmenntunastofnunum*“ ásamt öllum öðrum kennurum á grunn- og framhaldsskólastigi eins og 4. grein laganna kveður á um (þ.e. allir kennarar þurfa að stunda nám í sérkennslu). Frá árinu 2004 hafa eftirfarandi námskeið verið kennd:

*Upplýsingatækni í kennslu:* Námskeið (100 klst.) sem skiptist í þrjú áfanga: a) vísindalegar aðferðir við notkun upplýsingatækni í kennslu, b) aðferðir til að móta og miðla kennslu með aðstoð upplýsingatækni í skólum, og c) vandamál sem koma upp þegar upplýsingatækni er beitt við kennslu og aðferðir til að leysa þau.

*Þjálfun í notkun nýrrar tækni:* Námskeið (96 klst.) sem er tvískipt; kennarar fá þjálfun í að a) nýta betur möguleika tölvunnar og b) beita nýrri tækni í námi.

*Skoðanaskipti og mat á kennsluefni:* Fjallað er um vandamál sem upp hafa komið meðal kennara á nýliðnu skólaári við notkun nýrra kennslubóka og mat lagt á notagildi þeirra.

*Námskeið þar sem kennt er að takast á við ýmiss konar námsþarfir:* Námskeið (50 klst.) fyrir kennara í grunn- og framhaldsskólum, stuðlar að því að bæta starfshætti og auka þekkingu þeirra og færni til að takast á við sérþarfir og sérhæfileika nemenda í skólum án aðgreiningar, hegðunarvandamál (árásarhneigð, ofbeldi, geðraskanir) og menningarlega fjölbreytni.

*Nánari upplýsingar veitir: Maria Palaska-Ioannidis, verkefnisstjóri Evrópumíðstöðvarinnar: mpalask@sch.gr eða Maria Michaelidou, fulltrúi í stjórn Evrópumíðstöðvarinnar: smi@acm.org*

## **6. SPÁNN – „TOTS MÚSICS, TOTS DIFERENTS“ (ALLIR ERU TÓNLISTARMENN, ALLIR ERU ÓLÍKIR)**

**Valensía-héraðið er þekkt um allan Spán fyrir tónlistararf sinn; þar býr fjöldi hámenntaðra tónlistarmanna og ýmis tónlistarsamtök eru þar starfandi og leggja sitt af mörkum til tónlistarnáms. Nefna má borgina Torrent sem dæmi; þar er tónleikasalur og nokkur tónlistarfélag sem ásamt Tónlistarháskólanum stuðla að því að skapa æskilegar aðstæður til tónlistarnáms.**

Í Tónlistarháskólanum í Torrent geta nemendur bæði stundað grunn- og framhaldsnám í tónlist. Skólinn hefur verið starfræktur frá árinu 1971 og í áranna rás hefur hið fjölbreytta námsval sem nemendum stendur til boða verið aukið og eflt. Sem stendur eru 62 kennarar og átta starfsmenn, sem annast stjórnunarstörf og aðra þjónustu, að störfum við skólann en nemendur eru 540 talsins.



Árið 2003, á ári fatlaðra í Evrópu og samtímis því sem starfsfólk Tónlistarháskólans lagði fram tillögu þar að lútandi, hrinti menntamálaráðuneyti sjálfstjórnarhéraðsins Valensíu úr vör verkefni sem kallast „Tots músics, tots diferents“ (allir eru tónlistarmenn, allir eru ólíkir) sem heimilaði nemendum með sérkennsluþarfir, í fyrsta skipti á Spáni, að hefja tónlistarnám.

Einkunnarorðin „Tots músics, tots diferents“ sýna að fötlun á ekki að koma í veg fyrir að barn geti stundað tónlistarnám.

Fimm árum síðar stunduðu tólf nemendur, sem tóku þátt í þessu tilraunaverkefni, námið með góðum árangri og höfðu fallið inn í hópinn eins og best verður kosið, jafnt námslega sem félagslega. Svo vel hefði ekki tekist til ef allt menntasamfélagið hefði ekki lagst á eitt af áhuga og eldmóði og ef stuðningur opinberra stofnana (menntamálaráðuneytis, borgarráðs Torrent) og nokkurra einkarekinna fyrirtækja (Mediterranean Savings Bank) hefði ekki komið til.

Þetta menntaverkefni hefur hlotið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins, önnur verðlaun „Marta Mata verðlaunanna“ fyrir mikil námsgæði árið 2006 og „fyrstu verðlaun árið 2007 sem veitt eru stofnunum sem vinna að nýjum verkefnum fyrir nemendur með sérkennsluþarfir“.

Þar sem þetta tilraunaverkefni var alveg nýtt af nálinni breytti það ýmsum viðteknum hugmyndum um starfsemi Tónlistarháskólans almennt. Þar af leiðandi hefur þurft að umbreyta ýmsu í skólanum, svo sem að endurbæta kennaranámið, breyta viðhorfum kennara, endurskipuleggja skólann og gera ýmsar breytingar á aðferðum og úrræðum.

Litið er á verkefnið sem mikið framfaraskref í átt að félagslegri samstöðu og réttlæti og sem valkost sem veitir ungmennum úr viðkvæmasta hópi samfélagsins tækifæri til að stunda nám, sem áður var útilokað að þau hefðu aðgang að, til dæmis listnám.

*Nánari upplýsingar veitir: Yolanda Jiménez Martínez, verkefnisstjóri Evrópumíðstöðvarinnar: yolanda.jimenez@educacion.es og Manuel Tomás Ludeña, rektor Tónlistarháskólans í Torrent, manuel\_tomas@conservatoritorrent.net*

## 7. FRAKKLAND – TVÖ NÝ RANNSÓKNAR- OG NÁMSVERKEFNI

**Málþing um „lyktarskyn, minni og nám“, fyrsti viðburðurinn sem skipulagður var af svokölluðum „rannsóknarhópi á sviði fötlunar og skynfæra“, var haldið í París dagana 27. til 29. janúar 2009.**

Þar var gengið út frá tveimur spurningum, á sviði vísindalegrar og kennslufræðilegrar rannsóknar, sem tók til skynfæranna fimm: hvernig er hægt að nota skynfæri, sem verður jafnvel til á fósturstigi, til að eiga samskipti og hvernig má bæta nám og kennslu fyrir fatlaða einstaklinga?

Málþingið var haldið í tengslum við samstarfið milli „European Centre of the Science of Taste“ í Dijon og INS-HEA í Suresnes (Higher National Institute for the Education of Young Disabled People and Adapted Teaching). Fjallað var um lyktarskynið en það er skynfæri sem lítil gaumur er gefinn, enda þótt það skipti miklu máli þegar um hugræna reynslu af ýmsu tagi er að ræða, svo sem mismunun, minni og vellíðan.

Markmið þessa málþings voru eftirfarandi: að skoða hvaða þekking er fyrir hendi á vísindalegu og kennslufræðilegum stigi; að sýna hvernig lyktarskyn getur komið að gagni í námi, einkum meðal fatlaðra ungmenna; að hvetja til fundarhalda og skoðanaskipta um reynslu á þessu sviði.



Þátt í málþinginu tóku sérfræðingar frá ýmsum löndum, fólk sem starfar í heilbrigðis- og menntageiranum, sérfræðingar á sviði lyktarskyns og foreldra fatlaðra barna. Fjallað var um lyktarskynið í ýmsum skilningi, út frá skynjun, og alls kyns reynslu, svo sem tengslanna milli lyktarskyns, tilfinninga og minnis, áhrifum lyktar á námsferli fatlaðra ungmenna, og hvernig nota má lykt til að bæta daglegt líf fatlaðra einstaklinga.

### **Aðstoð við ung, fötluð börn – námskeið (12½ dagur) sem haldið var fyrir 120 aðila sem starfa við umönnun ungra barna í einni af stærstu borgum Norður-Frakklands.**

Tvö atriði voru höfð að markmiði: að skapa skilning á því hvernig hægt er að liðsinna fötluðum börnum á stofnunum fyrir ung börn og að gera þá einstaklinga sem þar starfa færa um að vinna saman og deila reynslu sinni.

Fjallað var um eftirfarandi málefni:

- Lagamma og stofnanafyrirkomulag varðandi fötluð börn;
- Sérfræðikunnáttu þeirra aðila sem starfa í stofnunum og samtökum innan sveitarfélaga, sem hægt er að vera í samstarfi við;
- Fjölda atriða á sviði fötlunar, sjúkdóma og erfiðleika, í tengslum við vandamál sem varða aðbúnað, stuðning og menntun ungra barna.

Skýrslu Evrópumiðstöðvarinnar „Skjót afskipti: Greining á aðstæðum í Evrópu, lykilatriði og tillögur“ var dreift til allra þátttakenda á námskeiðinu sem tilvísunarriti.

Þetta námskeið verður haldið í tilraunaskyni í tveimur öðrum borgum áður en boðið verður upp á það á fleiri stöðum í Frakklandi.

*Nánari upplýsingar veitir: Nel Saumont, verkefnisstjóri Evrópumiðstöðvarinnar: international@inshea.fr*

## **8. PORTÚGAL – RITSTJÓRNARSTEFNA SEM EFLIR LESTRAKUNNÁTTU**

Í Portúgal hefur bókaútgáfan CERCICA tekið upp ritstjórnarstefnu sem gengur út á að barnabækur skuli vera aðgengilegar fyrir öll börn. Útgáfan fékk styrk frá menntamálaráðuneytinu og Cascais-borg til að fá til liðs við sig sérfræðinga sem unnu saman að því að bæta úr skorti sem fram að því hafði verið til staðar á portúgölskum bókamarkaði.

Tvær bækur hafa þegar verið gefnar út, *O Segredo do Sol e da Lua* og *O Gato Gatão Poeta de Profissão*. Hver bók kemur út í fjórum mismunandi útgáfum: (i) prentaðri útgáfu með DVD-diski sem inniheldur hljóðútgáfuna; (ii) útgáfu sem rituð er með myndlettri; (iii) portúgalskri táknmálsútgáfu og (iv) útgáfu með blindraletri. Á DVD-disknum er einnig kennsluæfni sem sett er fram á glettinn hátt.

Bæði börn og fullorðnir hafa nú tæki sem mun stuðla að lestrarkunnáttu, burtséð frá þeirri getu sem hver og einn býr yfir.

*Nánari upplýsingar eru á slóðinni <http://www.editoracercica.com/>*

## **9. ÍSLAND – HÁSKÓLANÁM FYRIR NEMENDUR MEÐ ÞROSKAHÖMLUN**

**Þann 20. júní 2009 brautskráðust frá Háskóla Íslands 22 nemendur úr diplómanámi sem sérstaklega er ætlað fólki með sérkennsluþarfir.**

Í náminu, sem hófst haustið 2007, var í fyrsta sinn boðið upp á háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun á Íslandi. Námið var skipulagt sem tveggja ára rannsóknartengt þróunarverkefni innan Menntavísindasviðs, sem og í samræmi við opinbera stefnu



alþjóðastofnunar sem styður fólk með sérkennsluþarfir, mannréttindayfirlýsinguna og stefnu Háskóla Íslands.

Tilgangur námsins var að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagþátttöku. Nemendur tóku því þátt í námskeiðum með öðrum nemendum háskólans. Einnig var þróað svonefnt mentorakerfi, þar sem samnemendur veittu diplómanemendum stuðning eftir þörfum og óskum hvers og eins.

Bæði kennarar og nemendur voru afar ánægðir með þá reynslu sem þeir öðluðust á þessum tveimur árum. Stjórnendur greindu frá því að námið hefði veitt þessum nemendum aukið sjálfstraust og meiri færni í samskiptum, auk faglegrar þekkingar og færni á því starfssviði sem þeir höfðu valið sér. Nemendurnir voru einkum ánægðir með að hafa fengið tækifæri til að stunda nám með ófötluðum jafnöldrum sínum og töldu það afar mikilvægan þátt í þessu velheppnaða námi.

*Nánari upplýsingar veitir: Bryndís Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri Íslands hjá Evrópumíðstöðinni: bryndis@bhs.is*

## **10. SVÍPJÓÐ – DAGLEGT SKÓLALÍF NEMENDA MEÐ LÍKAMLEGA FÖTLUN: ÞJÓÐFRÆÐILEG RANNSÓKN**

**Þær félagslegu aðstæður sem nemendur með líkamlega fötlun, sem stunda nám með eða án aðgreiningar, búa við einkenna allt daglegt líf þeirra í skólanum. Staða þeirra er afar flókin og krefst þess að allir sem að málinu koma leggi sig fram: kennarar, aðstoðarfólk og skólastjórnendur, jafnt sem stjórnvöld og sveitastjórnir.**

Megininntak rannsóknarinnar er: hvernig er daglegt líf í skólanum hjá þessum nemendum? Gengið er út frá eftirfarandi atriðum: hugsmíðahyggju; sjónarhorni barnsins; sjónarhorni annarra barna; þjóf lýsingu og menningarrýni. Byggt er á könnunum og heildarsýn yfir daglegt líf barnsins í skólanum.

Lögð er áhersla á félagslegar aðstæður nemenda. Mismunandi er hvernig samskipti fatlaðir nemendur eiga við jafnaldra sína, einnig er mismunandi hvort þeir eru með í hópnum eða standa utan hans. Félagssleg staða þeirra er flókin. Sem dæmi má nefna að kennslan fer fram með ýmsum hætti. Fyrirkomulag skólans, ríkjandi hefðir þar og nemendurnir eru í brennidepli.

Einnig er fjallað um menntun nemenda og þekkingarþróun. Starfsfólk skóla og foreldrar vekja athygli á óvissuþáttum í náminu og biðja um nánari upplýsingar þar að lútandi. Rannsóknin leiðir í ljós að nemendur eru með einstaklingsbundnar þarfir, til dæmis hvað varðar tímabáttinn og kennslufræðilegar lausnir, og að þörf er fyrir skipulega starfsþjálfun og samræður.

Í rannsókninni kemur fram að lögð er áhersla á nám án aðgreiningar, en að óvissa ríki um hvernig standa eigi að slíku námi í daglegu starfi. Hinar margvíslegu fatlanir sem nemendur eiga við að etja gera auknar kröfur um að skólinn geti sýnt sveigjanleika og að nemendum sé veitt einstaklingsmiðuð aðstoð.

Aðrar niðurstöður rannsóknarinnar eru: mikilvægi þess að ábyrgð sé sýnd í starfi; að viðurkennt sé að oft sé hvorki sýnilegt að nemendur séu skildir útundan né að til staðar sé valdakerfi þar sem fötlun og kynferði eru meðal samverkandi þátta. Allt þetta sýnir hve nauðsynlegt er að allt starfsfólk skólanna og viðkomandi ráðamenn skoði eigin hug og marki stefnu án aðgreiningar.

*Nánari upplýsingar veitir: Göran Nygren, Uppsala University:  
goran.nygren@etnologi.uu.se  
Hægt er að nálgast skýrsluna á sænsku, á slóðinni*

## 11. LÚXEMBOURG – NÝI „GRUNNSKÓLINN“

**Þrjár nýjar lagasetningar um fyrirkomulag hins nýja „grunnskólans“ voru samþykktar þann 21. janúar 2009. Þessar lagasetningar fela í sér breytingar á skipulagi og kennslufræðilegu fyrirkomulagi fyrstu níu námsáranna sem eiga að tryggja betri árangur meðal allra nemenda. Lögjin gengu í gildi í september 2009.**

Allir grunnskólarnir geta nú breytt út af námskrá og beitt eigin aðferðum í því skyni að nemendurnir nái að minnsta kosti tilskildum markmiðum. Þær aðferðir sem innleiddar voru fyrir skólaárið 2009–2010 eru fyrst og fremst eftirfarandi:

*Námsþrep* – frá og með september 2009 fer allt nám í skólum á forskóla- og grunnskólastigi, sem nú kallast grunnskólar, fram í fjórum námsþrepum. Þessi námsþrep koma í stað hefðbundins skólaárs.

*Námsteymi* – í hverjum skóla fyrir sig hafa þeir aðilar sem kenna og annast börn á sama námsþrepi samráð og vinna saman í hóp.

*Þverfagleg teymi* – hver grunnskóli getur fengið þverfaglegt teymi til liðs við sig. Í slíku teymi eru sérfræðingar á ýmsum sviðum sem geta veitt börnum með sérþarfir stuðning.

*Færnikönnun* – menntun og nám byggd á færni er megininntak þessara breytinga og smám saman verður innleidd aðferð til að kanna færni. Kennsluteymi munu fjalla um þá færni sem tilskilin er á hverju hinna fjögurra námsþrepa og skapa námsaðstæður í samræmi við viðkomandi færnikönnun.

*Ný matstæki* – verða tekin í notkun sem sýna betur en ella hvaða framförum nemandi hefur tekið og á hvaða sviðum hann þarf að bæta sig.

*Árangursáætlun skólans* – hver skóli setur fram árangursáætlun um þau markmið sem stefnt er að og skila eiga betri árangri meðal nemenda. Skólarnir hafa visst sjálfsveld um það hvernig þeir mæta tilgreindum þörfum í verkáætlun sinni. Hægt er að laga almenna stundaskrá að aðstæðum, velja hjálpargögn, breyta hópskipan nemenda o.s.frv.

*Skólanefndir* – sumarið 2009 var stofnuð skólanefnd í hverjum skóla og formaður skipaður. Frá og með næsta ári verður það hlutverk þessara nefnda að styðja skipulag viðkomandi skóla, setja fram árangursáætlun, samþykkja val á hjálpargögnum og starfa með foreldrum.

*Nánari upplýsingar eru á slóðinni [www.men.lu](http://www.men.lu)*

## 12. BELGÍA (FLÆMSKUMÆLANDI HLUTI) – TILLAGA UM NÝTT FYRIRKOMULAG Á NÁMSSTUÐNINGI

**Þar sem skólakerfið þarf að ná til allra og vera án aðgreiningar, eins og unnið er að um allan heim, hefur menntamálaráðherra Flæmingjalands gert áætlun um stígundið stuðningskerfi í skólum, þar sem fólk á rétt á að velja milli almennra skóla og sérskóla og fær sams konar stuðning á báðum stöðum.**

Samkvæmt ICF-flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), þá er í þessari tillögu lögð áhersla á leiðir til að ákvarða hver þörfin er fyrir námskráaðlögun og aðstoð með tilliti til sérþarfa barnsins. Gerð hefur verið tillaga um flokkunarkerfi þar sem sérþarfir eru skilgreindar samkvæmt þeirri þörf sem nemandi hefur fyrir aðstoð í námi og þeim erfiðleikum sem hann á við að etja.



Til að kanna gildi og áreiðanleika þessa nýja kerfis var úrtak 8.648 nemenda (af alls 1.109.909 nemendum á aldrinum 2,5–18) sem stunda nám í almennum skólum og sérskólum á grunn- og framhaldsskólastigi sett í sama flokkinn. Sálfræðingar frá 73 sálfræðipjónustum skóla voru beðnir að tilgreina sérþarfir, samkvæmt nýja viðmiðinu. Hannað var handvirkt og rafrænt form á netinu, hjálparsiða sett upp og gagnagrunnur opnaður þar sem aðilar frá sálfræðipjónustunum gátu fært inn athugasemdir sínar.

Í ljós hefur komið að 20% barna á grunnskólaaldri eru með sérþarfir af einhverju tagi. Þar af eru 12,5% með væga þroskaröskun og/eða námserfiðleika og 3,3% allra barna á grunnskólaaldri hafa verið greind með hegðunartruflanir eða einhverfu. 16% barna á aldrinum 12–18 þarfnast mikillar aðlögunar; þar af eru 8,9% með væga þroskaröskun og/eða námserfiðleika; 3,4% allra barna á framhaldsskólaaldri hafa verið greind með hegðunartruflanir eða einhverfu.

Nýja flokkunarkerfið hefur sannað sig sem fullgilt og áreiðanlegt kerfi. Þó eru enn nokkur vandamál til staðar. Starfsfólk skólanna hefur ekki fengið tilskilinn undirbúning. Fjárfesta verður í (endur)menntun kennara til að skólarnir verði hæfari til að taka á móti börnum með sérþarfir í blönduðum bekkjum. Þetta kerfi krefst einnig þess að þeir sem starfa hjá sálfræðipjónustum fái þjálfun í flokkunarkerfi WHO á sviði færni, fötlunar og heilsu barna og ungmenna (ICF-CY – International Classification of Functioning, Disability and Health for Children and Youth). Með slíkri þjálfun væri hægt að meta virkni einstaklingsins á heilrænan hátt, þ.e. út frá líffræði-sálfræði-félagslegu sjónarmiði, og framkvæma þarfategdara og sveigjanlegra mat á getu (í stað þess að beita þeirri próffræðilegu nálgun sem almennt tíðkast), og taka einnig tillit til viðkomandi aðstæðna, svo sem heimilis og skóla. Fjallað er um þetta kerfi á pólitískum vettvangi en þar sem stjórnarskipti hafa nýlega farið fram í landinu hefur það ekki enn verið tekið í notkun.

*Nánari upplýsingar veitir:*

*Jo.lebeer@ua.ac.be & elke.struyf@ua.ac.be – Háskólanum í Antwerpen*

*marijke.wilssens@arteveldehs.be – Artevelde kennaraháskólanum á sviði sérþarfa*

*theo.mardulier@ond.vlaanderen.be – Flæmska mennta- og kennslumálaráðuneytið og fulltrúa í stjórn Evrópumíðstöðvarinnar.*

### **13. ÞÝSKALAND – FULLGILDING SÁTTMÁLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI FATLAÐRA**

**Í mars 2009 var sáttmáli Sameinuðu þjóðanna innleiddur. Með undirskrift sinni er Þýskaland skuldbundið til að lögleiða nám án aðgreiningar. Í Slésvík Holstein hefur nám án aðgreiningar farið fram í heilt ár undir kjörorðinu „saman erum við sterkari“.**

Í apríl 2009 lét Ute Erdsiek-Rave, menntamálaráðherra í Slésvík-Holstein, eftirfarandi orð falla: „Við þurfum á breytingum í skólastarfi að halda á landsvísu. Nám án aðgreiningar merkir ekki að barn skuli aðlaga sig að skólakerfinu, heldur þvert á móti. Öll börn eru velkomin í almenna skóla án aðgreiningar, ekki síst þau sem eru með heilsutengd eða félagsleg vandamál, eða eiga við námserfiðleika að etja.“

Þessi viðburður átti sér stað á sama tíma og alþjóðlegt málþing var haldið í Rendsburg, þar sem lögð var áhersla á að þátttakendur, þar með talið fulltrúar Evrópumíðstöðvarinnar, lærðu hver af öðrum. Með fleiri slíkum fundum væri hægt að styðja þetta ferli og vinna að aðgerðaáætlun til næstu tíu ára, sem tæki til laga- og reglubreytinga og fjárveitinga til að byggja upp skólakerfi án aðgreiningar.

**Þann 1. júlí 2009 var haldin landsráðstefna þar sem fjallað var um 24. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra.**



Þar talaði Karin Evers-Meyer og fulltrúar frá sambandsráðuneyti félagsmála sem fer með málefni fatlaðra, og kynntu niðurstöður herferðar sinnar „Allir saman – án aðgreiningar! Nýi SP-sáttmálinn“.

Einnig eru tilskipanir á sviði menntamála kynntar í sérstökum bæklingi. Kallað er eftir aðgerðaáætlun um nám án aðgreiningar; að gerðar verði ráðstafanir þannig að öllum verði frjálst að stunda nám í háskólum við aðstæður sem henta öllum, og unnið að því að fjármagna félagslega aðstoð sem verður skipulögð á heildstæðari hátt en áður. Herferðin „Allir saman – án aðgreiningar!“ fór fram á tímabilinu janúar–mars. Haldnar voru átta ráðstefnur á vegum sambandsráðuneytis félagsmála sem fer með málefni fatlaðra og 22 samtaka, þar sem fjallað var um ýmsa þætti sáttmálans.

*Bækling þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum herferðarinnar er að finna á eftirfarandi slóð: <http://www.alle-inklusive.behindertenbeauftragte.de>*

#### **14. BRETLAND (ENGLAND) – ÁVINNINGUR FYRIR ALLA: BETRI ÁRANGUR MEÐAL FATLAÐRA BARNA OG UNGLINGA MEÐ SÉRKENNSLUPARFIR**

**„Ávinningur fyrir alla“ er frumkvöðlaverkefni sem vekja mun væntingar, með sérstakri áherslu á árangur fatlaðra barna og ungmenna með sérþarfir í námi.**

Unnið verður að verkefninu í 460 skólum í tíu sveitarfélögum í Englandi á tveggja ára tímabili frá og með september 2009. Beitt verður einstaklingsmiðuðum námsaðferðum, nákvæmu námsmati, eftirliti og íhlutun, foreldrar verða fengnir til þátttöku og unnið verður að því að bæta árangur almennt.

Skólar og sveitarstjórnir sem taka þátt í „Ávinningi fyrir alla“ verða „frumherjar“ á sviði einstaklingsmiðaðs náms. Við lok verkefnisins ætti andrúmsloft í skólum að vitna um að ávinningur nemenda hefði verið mikill; þar eiga ýmsar gagnreyndar náms- og kennsluaðferðir að vera tiltækar. Ráðamenn sem koma að verkefninu ættu að geta treyst því að verið sé að greina og koma til móts við þarfir fatlaðra barna með sérkennsluþarfir og veita þjónustu sem „uppfyllir sett skilyrði“.

„Ávinningur fyrir alla“ er afar metnaðarfullt verkefni, einnig meðal þeirra sem setja markið hæst. Verkefnið mun stuðla að því að fötluð börn og ungmenni með sérkennsluþarfir öðlist aukið sjálfstraust, verði jákvæðari gagnvart skólanum og nýti betur hæfileika sína.

Foreldrar munu einnig taka þátt í verkefninu; þeir fá þar með meiri trú á menntakerfinu og geta fylgst með námi barna sinna.

*Nánari upplýsingar eru á slóðinni <http://nationalstrategies.standards.dcsf.gov.uk/node/189431>*



## FRAMLEIÐSLA

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu er sjálfstæð stofnun sem nýtur stuðnings aðildarlanda sinna og stofnana Evrópusambandsins (framkvæmdastjórnar og þings). Aðildarlöndin og aðalskrifstofa framkvæmdastjórnar ESB á sviði mennta- og menningarmála styrktu gerð þessa bæklingis.  
[http://ec.europa.eu/dgs/education\\_culture/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/index_en.htm)

Skoðanir sem höfundar láta í ljós í EuroNews eru ekki opinberar skoðanir Evrópumiðstöðvarinnar, aðildarlanda hennar eða framkvæmdastjórnar ESB. Framkvæmdastjórnin ber ekki ábyrgð á því hvernig efni þessarar skýrslu kann að verða notað.

Leyfilegt er að nota útdrætti úr fréttabréfinu að því tilskildu að heimildar sé greinilega getið. Rafrænar útgáfur eru fáanlegar á vefsetri miðstöðvarinnar:  
[www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

Aðalskrifstofa:  
Østre Stationsvej 33  
DK-5000, Odense C  
Denmark  
Sími: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

Skrifstofa í Brussel:  
3 Avenue Palmerston  
BE-1000 Brussels  
Belgium  
Sími: +32 2 280 33 59  
[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)

Ef óskað er eftir fleiri eintökum af þessu fréttabréfi eða nánari upplýsingum um starfsemi Evrópumiðstöðvarinnar skal hafa samband við:

Fulltrúa Íslands í stjórn Evrópumiðstöðvarinnar: Guðni Olgeirsson, [guдни.olgeirsson@mrn.stjr.is](mailto:guдни.olgeirsson@mrn.stjr.is)

Þessi útgáfa EuroNews er þýðing yfir á íslensku úr enskri frumútgáfu Evrópumiðstöðvarinnar. Hægt er að hlaða skýrslunni niður, bæði á ensku og öðrum tungumálum, á slóðinni: <http://www.european-agency.org/news/euronews>

Prentun: Halstan [www.halstan.co.uk](http://www.halstan.co.uk)

Fréttabréfið er fáanlegt á eftirfarandi tungumálum: CS, DA, DE, EL, EN, ES, ET, FI, FR, HU, **IS**, IT, LT, LV, MT, NL, NO, PL, PT, SL, SV

ISSN: 1560-3105

© **European Agency for Development in Special Needs Education 2009**

EuroNews er prentað á bleiktan, klórlausan pappír sem er framleiddur úr sjálfbærri viðarkvoðu.